

SKIPULAGSBREYTINGAR

Hraun-vestur, breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þ. 29. apríl sl. var eftirfarandi tekið fyrir: 1802033 - Hraun vestur, aðalskipulagsbreyting. Lögð fram aðalskipulagsbreyting og greinargerð vegna landnotkunarbreytingu reits ÍB2 í M4. Lýsing skipulagsbreytingarinnar var samþykkt á fundi ráðsins þann 31. jan s.l. Skipulags- og byggingarráð samþykkir greinargerð og uppdrátt aðalskipulagsbreytingar Hraun-Vestur gjótur reitur ÍB2/M4 og vísar erindinu til staðfestingar bæjarstjórnar.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Framsóknar og óháðra bóka: Aðalskipulagsbreytingin opnar á fjölbreytta byggð íbúðar-, verslunar- og þjónustuhúsnæðis. Nýting landsvæðisins sem liggur að fyrirhuguðum samgönguás Borgarlínu verður betri með auknu byggingarmagni og þéttingu byggðar. Tillagan fellur vel að markmiðum svæðisskipulags og fyrirhuguðum bættum almenningssamgöngum. Í greinargerð aðalskipulagsins dags. 20.04.2020 er gerð góð grein fyrir leik- og grunnskólum ásamt opnum grænum svæðum.

Bæjarstjórn staðfesti erindið þann 29. apríl.

Hraun-vestur, Gjótur deiliskipulag

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þ. 10. júní sl. var eftirfarandi tekið fyrir: 1903199 - Hraun vestur, Gjótur deiliskipulag. Tekin fyrir tillaga að uppbyggingu á reit sem liggur að Reykjavíkurvegi, Hjallahrauni og Helluhrauni. Tillaga Tendru arkitekta dags. 28. maí 2020 að deiliskipulagi reits sem nær til lóða við Reykjavíkurveg 60-62 og Hjallahrauns 2-4 lögð fram auk greinargerðar deiliskipulagsins dags. 28. maí 2020 og umsögnum frá Veðurvaktinni og Verkfræðistofu VSÓ. Tillaga að deiliskipulagi var samþykkt á fundi skipulags- og byggingarráðs 2. júní s.l. og að málsmeðferð yrði í samræmi við 1.mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Erindinu var jafnframt vísað til staðfestingar í bæjarstjórn.

Bæjarstjórn staðfesti erindið þann 10. júní.

Hverfisgata 49, lóðarstækkun, breytt deiliskipulag

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þ. 10. júní sl. var eftirfarandi tekið fyrir: 1706152 - Hverfisgata 49, lóðarstækkun, breytt deiliskipulag. Á fundi bæjarráðs þann 12.03.2020 samþykkti bæjarráð fyrir sitt leyti lóðarstækkun Hverfisgötu 49 og benti á að vinna þyrfti tillögu að breyttu deiliskipulagi er gerði grein fyrir umræddri lóðarstækkun. Lögð fram tillaga að breyttu deiliskipulagi dags. maí 2020.

Skipulags- og byggingarráð samþykkti á fundi sínum þann 2. júní s.l. að tillaga að breyttu deiliskipulagi fari til auglýsingar og að málsmeðferð verði í samræmi við 1.mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Erindinu er jafnframt vísað til staðfestingar í bæjarstjórn.

Bæjarstjórn staðfesti erindið þann 10. júní.

Tillögur vegna ofangreindra breytinga á aðalskipulagi, nýrra deiliskipulagstillagna, ásamt fylgigögnum verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá umhverfis- og skipulagssviði að Norðurhelli 2, frá 25.6.- 6.8.2020. Auk þess er hægt að skoða tillöguna á www.hafnarfjordur.is undir skipulag í kynningu.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingarnar. Skal þeim skilað skriflega á netfangið: skipulag@hafnarfjordur.is eða með bréfi eigi síðar en 6. ágúst 2020 á heimilisfangið:

Hafnarfjarðarkaupstaður

bt. umhverfis- og skipulagssvið
Norðurhella 2
221 Hafnarfjörður

Nánar á hafnarfjordur.is



HAFNARFJÖRÐUR

585 5500 hafnarfjordur.is